

150. löggjafarþing 2019–2020.
Þingskjöl 1276 — 722. mál.
2. umræða.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna heimsfaraldurs
kórónuveiru (meðferð mála hjá sýslumönnum og dómstólum o.fl.).

Frá Helga Hrafní Gunnarssyni og Önnu Kolbrúnu Árnadóttur.

1. Við 2. efnismgr. 5. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Um vinnslu persónuupplýsinga með notkun fjarfundabúnaðar hjá dómstólum gilda ákvæði IV. og V. kafla um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi.
2. Við 1. efnismgr. 6. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Um vinnslu persónuupplýsinga með notkun fjarfundabúnaðar hjá dómstólum gilda ákvæði 17.–18. gr., IV. kafla, 29.–30. gr., 2. og 3. mgr. 39. gr., 41.–42. gr. og 1. tölul. 1. mgr. 43. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.